



Sveitarstjórnarfundur 29. desember 2025

Mánudaginn 29. Desember 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 37. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir, Arnlín Óladóttir og Hildur Aradóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 37. fundar:

1. Fundargerð 36. sveitarstjórnarfundar 10.12.2025
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Fjárhagsáætlun 2026 – Seinni umræða
5. Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029
6. Áskorun til Orkubú Vestfjarða
7. Erindi vegna Mýra

Fundargerð:

1. Fundargerð 36. sveitarstjórnarfundar 10.12.2025.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir nefnda.

3. Aðrar fundargerðir

Engar fundargerðir teknar fyrir.

4. Fjárhagsáætlun 2026 – Seinni umræða

Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029 rædd. Oddviti gerir grein fyrir rekstrarliðum sveitarfélagsins og fyrirhuguðum fjárfestingum ásamt fjármögnun.

Jón Ari Stefánsson endurskoðandi gerir grein fyrir fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029, við fyrri umræðu.

Fjárhæðir í þúsundum króna

	<u>A hluti</u>	<u>A og B hluti</u>
Rekstrarniðurstaða 2026	15.522	6.346
Handbært fé frá rekstri	-1.184	-4.980
Fjárfestingar nettó	57.000	132.000
Tekin ný langtímalán	70.000	70.000

Fjárhagsáætlun rædd.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun óbreytta.

Tillögur að gjaldskrár 2026 voru teknar fyrir á síðasta sveitarstjórnarfundinum sem haldinn var 10. desember sl.

Borið upp og samþykkt.

5. Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029

Fjárhagsáætlun 2026 og þriggja ára áætlun 2027-2029 afgreidd til síðari umræðu.

Borið upp og samþykkt.

6. Áskorun til Orkubú Vestfjarða

Sveitarstjórn skorar á stjórn Orkubús Vestfjarða að endurnýja rafstrengi frá

Bjarnarfjarðarhálsi að Hveravík vegna tíðra rafmagnstruflana. Slit eru tíð á loftlínunum sökum aldurs og náttúrulegra veðuraðstæðna.

Um er að ræða stuttan kafla af loftlínunum sem eru til staðar og hefur þetta ástand mikil áhrif á öryggi íbúa og atvinnulífs.

Borið upp og samþykkt.

Skrifstofustjóri borið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

7. Erindi vegna Mýra

Erindi barst til sveitarstjórnar er varðar Mýrar í Kaldrananeshreppi.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn felur oddvita að bregðast í samræmi við vilja sveitarstjórnar.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 21.00.